

**Íþróttir**

# Að upphafi Íslandsmóts

„Ahorfandi“ góður. A laugardag verður flautað til leiks í fertugasta Íslandsmóti í handknattleik. Miklar vonir eru bundnar við það Íslandsmót sem nú fer í hönd um að mótið verði tvisýnna og jafnara en oftast áður. Kemur þar margt til, en þyngst á metunum er að félögin eru yfirleitt betur undirbúin en áður. Þeir þjálfarar í fremstu röð hafa nú best í hóp þeirra sem þjálfar 1. deildar lið, þ.e.a.s. Pólverjarnir tveir og síðast en ekki síst hinn gamalreyndi Hilmar Björnsson, sem þjálfar meistaralið Vals. Aðrir þjálfarar í 1. deild eru allt saman þrautreyndir „jálkar“, sem hafa allir sannað ágæti sitt í gegnum árin. Fróðlegt verður að fylgjast með hinum unga þjálfara Hauka, Þorgeiri Haraldssyni. Svo segir mér hugur að hann skipi sér í fremstu röð þjálfara hér á landi strax eftir þetta keppnistímabil. Í annarri og þriðju deild er langt síðan að svo gott úrval þjálfara hefur tekið að sér þjálfun, og ber að fagna þeirri þróun mála. Má nefna þar kappá eins og Geir Hallsteinsson, Arnar Guðlaugsson, Birgi Björnsson sem allir þjálfarar í annarri deild, Gunnlaug Hjálmarsson, Stefán Sandholt, Pétur Jóhannsson og fleiri úr þeirri þriðju.

Ekki má gleyma kvenfólkinu og yngri flokkunum. Ahorfundum gefst nú kostur í fyrsta skipti að sjá leiki þessara hópa með 1. deildar leikjum og er það vel. FH-ingar og Víkingar hafa búið svo um hnútana að hinir erlendu þjálfarar þeirra þjálfar einnig kvenfólk og yngri flokkana eða skipuleggja þjálfun þeirra. Verður fróðlegt að fylgjast með árangri þeirra í vetur á þessu sviði.

Handknattleikur eins og aðrir íþróttagreinir er sífelldum breytingum undirorpinn. Æ meiri kröfur eru gerðar til leikmanna og forráðamanna um að standast hinum sterkari þjóðum snúning á alþjóðavettvangi.

Íslenskur handknattleikur hefur orðið fyrir mikilli blóðtöku undanfarin ár, sífelld fleiri leikmenn leika nú með erlendum félagsliðum. Við þessari þróun verður að finna einhver ráð og stemma stígu við.

Árið 1967, með Steinar Lúðvíksson í broddi fylkingar, tóku íbrottafrettaritarar sig saman og ákváðu að leitast við að vera sem jákvæðastir í skrifum sínum um handknattleik. Þessi víðleitni þeirra bar ríkulagan avöxt því að í kjölfarið

fylgdi eitt mesta „blómatímabil“ í sögu handknattleiks á Íslandi. Uppselt var á alla leiki í Höllinni kvöld eftir kvöld. Á þennan hátt áttu íbrottafrettaritarar stóran þátt í að íslenska landsliðinu gekk jafn vel og raun bar vitni í forkeppni Olympiuleikanna á Spáni 1971. Ahugi og jákvætt viðhorf var alls ráðandi.

Mikið vatn hefur runnið til sjávar síðan. Stöðugur straumur leikmanna til útlanda sem óhjákvæmilega leiddi til þess að íslenskur handknattleikur setti nokkuð niður. Allir söknubú leikmanna sem héldu utan. Það vantaði tilfinnanlega orðið allar „týpur“ í íslenskan handknattleik.

Með tilkomu Janusar Czerwinkis varð ahugi að nokkru við reistur, þar sem Ísland komst aftur á blað meðal 16 bestu þjóða heimsins.

Í dag stendur íslenskur handknattleikur á tímamótum. Allir eru þeirrar skoðunar að breytinga sé þörf. Í ár ætla félög að reyna að leika 1 leik á hverju keppniskvöldi eins og tíðkast alls stöðvar annars stöðvar í heiminum. Reynslan mun skera úr um það hvort fækka eigi í fyrstu deild og leika með svipuðu fyrirkomulagi og nú er gert í körfuknattleikum. Stuðningsmenn félaganna verða að fylgja félagi sínu hvert fótmál að geta með hvatningu sinni hreinlega ráðið úrslitum í tvisýnum leikjum.

Valur og Víkingur eru fulltrúar íslenskra liða að þessu sinni í Evrópukeppninni. Víkingar komust í aðra umferð án þess að leika, en Valsmanna bíður þyngri röður í víðureign sinni við norska meistaraliðið Refstad á sunnudag í Höllinni. Valsmenn töpuðu fyrri leiknum með aðeins 2ja marka mun og verða því að sigrar með þriggja marka mun á sunnudagskvöldið. Góður árangur bestu félagsliða okkar í Evrópukeppnum og landsliðsins ætti að haldast í hendur. Öll ættum við því að mæta í Höllina á sunnudagskvöldið og hvetja Valsmenn til sigurs gegn Refstad.

Enginn vafi leikur á því að handboltinn verður skemmtilegur í vetur. „Ahorfandi“ góður, láttu sjá þig sem oftast í „Höllunum“ í vetur, og stuðningur þinn mun skila sér í bættum árangri.

Jóhann Ingi Gunnarsson blaðafulltrúi HSI.

## TILKYNNING

Með tilvisun til 10. gr. laga nr. 49 frá 16. maí 1974, sbr. lög nr. 49 frá 16. mars 1951, er hér með skorað á þá, sem eiga ógreidd iðgjöld til Lifeyrissjóðs sjómanna, að gera nú þegar skil á þeim til sjóðsins. Hafi ekki verið gerð skil á öllum vangöldnum iðgjöldum, innan 30 daga frá birtingu þessarar tilkynningar, mun verða óskað uppboðssölu á viðkomandi skipi (lögveði) til fullnustu skuldarinnar.

Reykjavík, 18. október 1978  
F.H. Lifeyrissjóðs sjómanna  
Tryggingastofnun ríkisins

## Menningin um helgina



### Sigurður Eypórsson sýnir í Gallerí SÚM

Sigurður Eypórsson listmálari sýnir um þessar mundir 28 málverk í Gallerí SÚM við Vatnsstíg. Þar eru olíu- og acrylmálverk, egg-tempera myndir og teikningar. Flestar eru myndirnar unnar á s.l. tveimur árum.


Sigurður Eypórsson hefur haldið eina einkasýningu áður, og verið

með í samsýningum. Hann útskrifaðist úr Myndlista- og handíðaskólanum 1971, og hefur einnig stundað myndlistarnám í Svíþjóð og Austurríki.

Sýningin er opin frá kl. 16-22 virka daga, og frá 14-22 um helgar. Henni lýkur 25. okt.

### Salvador Dali á Kjarvalsstöðum

Í dag verður opnuð á Kjarvalsstöðum sýning á 98 grafíkmyndum og nokkrum fleiri listaverkum eftir spánska snillinginn Salvador Dali.



Silfurstyttan eftir Dali

Dali fæddist í Figueras á Spáni árið 1904. Árið 1929 hélt hann fyrstu einkasýningu sína í París, og hefur síðan verið einn frægasti surrealistí aldarrinnar. Hátindurinn í list hans mun vera árin 1936-1940, þegar hann flúði Frakkland undan innrás Þjóðverja og fluttist til Bandaríkjanna. Í sýningar skrá Kjarvalsstaða segir Björn Th. Björnsson m.a.: „Dali er teiknari, málari, eðalsmiður, og bestu verk hans meðal þess feðursta í listsmíð þessarar aldar, á hvaða mælikvarða sem er... Því er ekki að neita að list þessara ára sem hér er sýnd, frá 1960 til 1974, er ekki lengur, nema með glömpum, það sem best gerist í list Dalis. En glampar eru þar, óviðjafnanlegir. Því er það mikill fengur okkur, sem nú eigum þess kost, að dveljast um stund í nálægð þessa aldna meistara og guddómlega trúðleikara frá Figueras“.

Sýningin er opin kl. 14-22 um helgar, en 16-22 virka daga. Henni lýkur 5. nóvember.

### Sýning Snorra framlengd

Að gefnu tilefni verður yfirlitsýning á verkum Snorra Arinbjarnar í Listasafni Íslands framlengd um eina viku og verður opin sem hér segir: Laugardag 21. og sunnudag 22. okt. frá kl. 13.30 - 22.00, eftir það daglega frá kl. 13.30 - 16.00 til sunnudagsins 29. október.

Athygli skal vakin á að hér gefst einstakt tækifæri til að kynna verkum eins ágætasta listamanns þjóðarinnar. Skólum skal sérstaklega bent á að nemandum stendur til boða að skoða sýninguna í fylgd kennara utan áður nefnds sýningartíma, eftir nánara samkomulagi.

# Leiklist

Leikfélagið sýnir Glerhúsið í Iðnó í kvöld kl. 20.30. Aukasýning er á Blessuðu barnaláni í Austurbæjarbíói kl. 23.30 í kvöld. Annað kvöld verður svo sýning í Iðnó á Valmúinn springur út á nóttunni, kl. 20.30.

Í Þjóðleikhúsinu er uppselt á sýninguna á stóra sviðinu í kvöld. Það er hinn vinsæli gamanleikur A sama tíma að ári Annað kvöld kl. 20 er sýning á leikriti Jökuls Jakobssonar, Sonur skóarans og dóttir bakarans á stóra sviðinu, og önnur sýning á Sandur og kona eftir Agnar Þórðarson á litla sviðinu kl. 20.30.

## Fyrirlestur um heimspeki

Fyrsti fyrirlestur vetrarins, sem Félag áhugamanna um heimspeki gengst fyrir, verður haldinn 22. okt. kl. 14.30 í Lögbergi, húsi lagadeildar Háskólans. Erlendur Jónsson verður frummælandi, og nefnir hann erindi sitt „Um heimspeki Wittgensteins“.

Nýir félagsmenn eru velkomnir og eru þeir ásamt eldri félögum minntir á ársgjald félagsins kr. 2000.-, sem greiðast skal á fyrsta fundi vetrarins.



## Gerard Souzay og Dalton Baldwin

í Háskólabíói í dag kl. 14.30

Í dag, laugardag, kl. 14.30 munu hinir heimsfrægu tónlistarmenn Gerard Souzay og Dalton Baldwin flytja ljóðabálk Schuberts, „Die Winterreise“ fyrir styrktarfélag Tónlistarfélagssins í Háskólabíói.

Gerard Souzay er einn víðkunasti ljóðasöngvari sem nú er uppi. Hann fæddist í Frakklandi árið 1918 og stundaði upphaflega nám í heimspeki, en snéri sér síðar að sönglistinni. Í þrjá áratugi hefur hann ferðast um heiminn sem ljóðasöngvari og áunnið sér frægð og frama.

Dalton Baldwin er Bandaríkjamatur. Hann ætlaði upphaflega að verða söngvari, en hætti við það og gerðist söngljóðatulkandi á flygilinn og samstarfsmaður Souzays, sem hann hefur veitt fulltingi sem frábær undirleikari á tónleikaferðum um allar álfur síðustu tvo áratugi.

Souzay og Baldwin hafa áður heimsótt Ísland, síðast í maí 1975.